

Háafell ehf.  
Hnífsdalsbryggju  
410 Hnífsdalur

Selfossi, 25. mars 2025  
Tilvísun: 25011221

## Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

### Upplýsingar um fiskeldisstöð:

|                                                          |                               |
|----------------------------------------------------------|-------------------------------|
| Heiti: <b>Háafell ehf.</b>                               | Kennitala: <b>520199-3149</b> |
| Heimilisfang: <b>Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdalur</b>    | Leyfisnr: <b>FE-1171</b>      |
| Stöðvarstjóri: <b>Jónstein Johannessen</b>               | Dags.: <b>21.03.2025</b>      |
| Tegund fiska: <b>Lax- Salmo salar</b>                    |                               |
| Er stöðin í dreifingarbanni: <b>Nei</b>                  | Óboðað eftirlit : <b>Nei</b>  |
| Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: <b>Já</b> | Tegund eftirlit: <b>Annað</b> |

### DÝRAVELFERÐ: **Alvarlegt frávik**

Þann 30. janúar 2025 barst ábending til Matvælastofnunar um að mikil afföll hefðu verið í Ytri-Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi. Í framhaldi var kallað eftir gögnum frá rekstrarleyfishafa, m.a. skýrslum þjónustudýralækna. Matvælastofnun óskaði jafnframt eftir greiningu rekstrarleyfishafa sjálfs á orsökum affallanna.

Í Ytra-Kofradýpi er fiskur sem er í eigu Arctic Fish skv. samningi milli fyrirtækjanna en rekstrarleyfishafi telst umráðamaður fisksins. Þar eru starfræktar níu kvíar og mikil afföll áttu sér stað frá miðjum janúar til 4. febrúar 2025 í þremur kvíum (kvíum 4, 7 og 9). Í gögnum sem send voru til Matvælastofnunar má sjá að mestu afföllin voru á tímabilinu 27. janúar til 2. febrúar þar sem 5.304 fiskar drápust í kví 4 (22,7%) og 47.873 fiskar drápust í kví 7 (51,9%).

Samtals voru afföll fiska í kví 4 í janúar 2025 7.845 stk. (7,37%), í kví 7 frá því í janúar fram til 9. febrúar 2025 voru 49.992 stk. (44,7%). Samtals voru á sama tíma afföll í kví 9 16.694 stk. (17,44%).

Öllum fiskum í kvíum 4 og 7 var slátrað í lok janúar. Þéttleiki í kví 4, 7 og 9 var frá 15,86 kg/m<sup>3</sup> – 17,86 kg/m<sup>3</sup> í lok desember 2024. Meðalþyngd fiska í þessum kvíum í lok desember var á milli 6 og 7 kg.

Í gögnum sem Matvælastofnun fékk frá rekstrarleyfishafa kemur fram að á mánaðarlegum fundi rekstrarleyfishafa og Arctic Fish þann 09.12.2024, upplýsti starfsmaður rekstrarleyfishafa Arctic Fish að fiskurinn í kví 7 væri farinn að sýna merki um streitu þegar bátur kemur að kvínni enda þéttleiki hár í kví 7 en einnig í kví 4 og 9. Á fundinum var lagt upp með að slátra úr kvíum 4, 7 og 9 í janúar. Þann 18.12.2024 ítrekaði rekstrarleyfishafi við Arctic Fish að hefja þyrfti slátrun í þessum þremur kvíum.

Í skýrslu vegna dýralæknaheimsóknar frá Vetaq og Bláum Akri í viku 3 (13. – 19. janúar 2025) og viku 4 (20. – 26. janúar 2025) kemur fram að margir fiskar voru með mikinn ytri skaða, allir með trjónusár, stór svæði með hreisturstapi, bólgu í húð og oft höfðu myndast sár þar sem fiskurinn hafði misst mikið hreistur. Mjög slæm uggaheilsa, tærðir uggar og sporður og bólgur eða sár myndast við búk. Mjög fáir fiskar sáust með vetrarsár og sár sem voru á fisknum virtust vera vegna mekanísks skaða þ.e. snertingar við nótina. Sýni voru tekin úr kvíunum og send á rannsóknarstofu þar sem alvarlegir smitsjúkdómar voru útilokaðir. Fiskurinn greindist með gervitálknaveiki (Parvicapsulosis) og hjarta-og vöðvabólgu (HSMI), en báðir sjúkdómarnir gera fisknum erfitt fyrir í vondu veðri þótt þeir séu ekki taldir sem aðalorsök affalla. Í kjölfarið óskuðu dýralæknarnir eftir því að fiskunum yrði slátrað eins fljótt og hægt væri.

Samkvæmt niðurstöðuskýrslunnar er aðaldánarorsök fiska í Ytra-Kofradýpi hár þéttleiki í kvíum, slæmt veður, kalt hitastig og sein slátrun sem allt leiddi til þess að fiskurinn átti auðveldara með að komast í snertingu við nótina, missti hreistur og þannig að bakteríur úr umhverfinu komast inn í holdið og valda frekari sáramyndun sem fiskurinn náði ekki að laga í þessum kulda.

Rekstrarleyfishafi slátrar löxum í Drimlu í Bolungarvík (sláturhús í eigu Arctic Odda). Í viku 2 (6. - 12. janúar 2025) ítrekaði rekstrarleyfishafi ósk sína um að slátrað yrði sem fyrst. Afkastagetu Drimlu var skipt á milli Dýrafjarðar og Kofradýpis þar sem annar staðurinn var með tvo sláturdaga og hinn þrjá sláturdaga. Í viku 3 (13.–19. janúar 2025) ítrekaði rekstrarleyfishafi beiðni sína um að Drimla verði sett á full afköst og leitaði möguleika á hvort Arnarlax gæti aðstoðað með slátrun. Í byrjun viku 5 (27. janúar – 2. febrúar 2025) ítrekaði rekstrarleyfishafi í samtölum við Arctic Fish beiðni um slátrun þar sem meðal annars sláturgeta Arnarlax á Bíldudal yrði nýtt.

Matvælastofnun telur ljóst að rekstrarleyfishafi hafi sannanlega reynt að hlutast til um að fiskinum yrði slátrað sem fyrst og ítrekað áhyggjur sínar við Arctic Fish reglulega en hafði ekki burði til þess vegna þess að fyrirtækið er háð öðrum með slátrun.

Samkvæmt 6. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 er skylt að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi. Ill meðferð dýra er óheimil. Þá kemur m.a. fram í 7. gr. laganna um hjálparskyldu þar sem vart verður við eða ætla megi að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti beri að veita því umönnun. Í d-lið 1. mgr. 14. gr. laganna kemur fram að umráðmönnum dýra beri að tryggja dýrum góða umönnun með því að vernda þau gegn meiðslum, sjúkdómum og sníkjudýrum eða annarri hættu. Í 11. gr. reglugerðar um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr. 300/2018 segir: Rekstraraðili skal fylgjast með holdafari og heilbrigði eldisdýra í hans umsjá. Sjúk og/eða særð eldisdýr skal aflífa eða tryggja þeim viðeigandi meðferð í samráði við dýralækni.

Matvælastofnun telur ljóst að brotið hafi verið gegn framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum með því slátra ekki nógu hrattþegar ljóst var hvernig ástandið var að þróast. **Hefði slátrun verði framkvæmd í þessum þremur kvíum í desember og fram í janúar hefði mátt koma í veg fyrir þessi afföll. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að rekstrarleyfishafi verði annað hvort sjálfbjarga við slátrun eða hafi greiðari aðgang að slátrun í sláturhúsum sem eru í notkun á Vestfjörðum.**

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar.** Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is).

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

#### Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagadýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Virðingarfyllst,

f.h. Matvælastofnunar



Ni Nyoman Wija Ariyani, Sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma